



*Jenný Sólborg
Franklínisdóttir*

*Fædd 16. júlí 1938
Dáin 5. nóvember 2021*



*Útför frá Akraneskerkju
föstudaginn 19. nóvember 2021*

Forspil
Air úr svítu nr. 3
Johann Sebastian Bach

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

Ritningarorð

Ég var á ferð og flugi ástin mín,
og alltof sjaldan fékk ég notið þín,
þvílíkar tarnir enn ég ekki skil,
því miklu minna hefði dugað til.

Og vorið leið og við tók sumarið,
við áttum samleið, gengum hlið við hlið.
Lifðum marga gleði og gæfustund,
við örlög grá við áttum seinna fund.

Lífið er vatn sem vætlar undir brú,
og enginn veit hvert liggur leiðin sú.
En þegar lýkur jarðlífsöggunni,
aftur hittumst við í blómabrekkunni.

Og þó nú skilji leiðir að um sinn,
þér alltaf fylgir vinarhugur minn.
Ég þakka fyrir hverja unaðsstund,
við munum aftur eiga endurfund.

Alltaf fjölgar himnakórnum í,
og vinir hverfa, koma mun að því.
En þegar lýkur jarðlífsöggunni,
aftur hittumst við í blómabrekkunni.

Magnús Eiríksson

Ritningarorð

Blátt lítið blóm eitt er,
ber nafnið; gleymdu' ei mér.
Væri ég fleygur fugl,
flygi ég til þín.
Svo mína sálu nú
sigraða hefur þú,
engu ég unna má
öðru en þér.

Leggjum svo kinn við kinn,
komdu með faðminn þinn.
Hátt yfir hálsinn minn,
hönd þína breið.
Svo mína sálu nú
sigraða hefur þú,
engu ég unna má
öðru en þér.

F. Küchen - ókunnur höfundur

Guðspjall

Einsöngur

Litli tónlistarmaðurinn

Jack Holmes - Jón Sigurðsson

Minningarorð

Hoppa kátur út um dyrnar
við blasir himininn,
himinblár er bláminn
himneskur jökullinn.

Óbyggðirnar kalla
og ég verð að gegna þeim,
ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kem heim.

Bergmál óbyggðanna
svo bjart í huga mér,
leiður á öllu og öllum
hundleiður á sjálfum mér.

Óbyggðirnar kalla
og ég verð að gegna þeim,
ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.

Magnús Eiríksson

Bæn / Faðir vor

Einsöngur
Lítu sérhvert sólarlag
Bragi Valdimar Skúlason

Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina	Ég lífi í Jesú nafni,
upp vex á sléttri grund	í Jesú nafni' eg dey,
fagurt með frjóvgun hreina	þó heilsa' og líf mér hafni,
fyrst um dags morgunstud,	hræðist ég dauðann ei.
á snöggu augabragði	Dauði, ég óttast eigi
af skorið verður fljótt,	afl þitt né valdið gilt,
lit og blöð niður lagði, -	í Kristí krafti' eg segi:
líf mannlegt endar skjótt.	Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil
Réttarvatn

J.F. Glück - Jónas Hallgrímsson

Prestur: sr. Ólöf Margrét Snorradóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Söngur: Tindatríó- Atli Guðlaugsson,
Bjarni Atlason, Guðlaugur Atlason
Útfararþjónusta Akraneskirku

***Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og vinarhug og býður
viðstöddum að þiggja veitingar í Vinaminni að athöfn lokinni***